

REGLUGERÐ

um breytingu á gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Akraness, nr. 267 11. júní 1975, sbr. reglugerð nr. 196 5. maí 1977.

1. gr.

Á eftir 10. gr. komi ný grein, sem verður 11. gr., svohljóðandi:

Af ferjuskipum greiðast hafnargjöld þannig:

1. Lestargjald verði reiknað eins og af strandferðaskipum, þó ekki oftast en einu sinni á dag.
2. Bryggjugjald greiðist samkvæmt gildandi gjaldskrá.
3. Vörugjald verði ekki reiknað af bílum eða vörum, sem þeir flytja.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 333 21. sept. 1977, um breytingu á gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Akraness.

Samgönguráðuneytið, 26. október 1977.

Haldór E. Sigurðsson.

Kristinn Gunnarsson.

REGLUGERÐ

um gatnagerðargjöld í Búlandshreppi.

1. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að leggja gatnagerðargjöld á lóðir í sveitarfélaginu, eftir því sem nánar segir í reglugerð þessari. Heimilt er að leggja gatnagerðargjald á land, sem sambærilegt telst, þótt ekki sé sérstök lóð.

2. gr.

Gatnagerðargjald A er gjald vegna þátttöku lóðarhafa í kostnaði við undirbyggingu götu með tilheyrandi lögnum.

3. gr.

Nú ákveður sveitarstjórn að leggja á gatnagerðargjald vegna nýbyggingar og skal þá miða gjaldið við ákveðinn hundradshluta af byggingarkostnaði á rúmmetra eins og hann er talinn af hagstofu Íslands svo sem hér segir:

Einbýlishús	1,5%
Tvíbýlishús og raðhús	1,0%
Fjölbýlishús	0,5%
Verslunar- og skrifstofuhúsnaði	1,5%
Iðnaðar-, vörugeymslu- og annað atvinnuhúsnaði	0,5%
Opinberar byggingar	1,5%
Bílskúrar	1,5%
Önnur hús	0,5%

Gjald skal miða við stærð húss samkvæmt samþykktum uppdrætti. Nú er ekki fyrir hendi samþykktur uppdráttur, og skal þá miða við stærð húss, sem skipulag gerir ráð fyrir, en sé slíkt ekki ákveðið í skipulagi skal miða við eftirfarandi lágmarksstærðir.

Einbýlishús með tilheyrandi bílageymslu	500 m ³
Raðhús, tvíbýlishús, sambyggt einbýlishús hver íbúð	400 m ³
Fjölbýlishús hver íbúð	300 m ³

Í atvinnuhúsnæði skal við útreikning rúmmáls til gatnagerðargjalds miðað við lofthæð 3,3 m að innanmáli, nema uppdráttur sýni minna. Framangreindar reglur gilda er hús er stækkað að því er til stækkunar tekur. Auk þess gjalds skal lóðarhafi greiða kr. 45.00 af hverjum m² lóðar.

4. gr.

Gjöld samkvæmt 3. gr. breytast árlega samkvæmt vísitölu byggingarkostnaðar, sem gildir um áramót.

5. gr.

Gjalddagi gatnagerðargjalds skv. 3. gr. skal vera sem hér segir:

Ef um er að ræða leigulóð í eigu sveitarfélagsins, getur sveitarstjórn ákveðið að úthlutun verði háð því að full skil verði gerð innan ákveðins frests, áður en byggingarleyfi verði veitt eða sérstakur samningur gerður um greiðslu.

6. gr.

Gatnagerðargjald má taka lögtaki í viðkomandi fasteign og er það tryggt með lögveði í fasteigninni í næstu 2 ár eftir gjalddaga með forgangsveði, fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði án tillits til eigandaskipta.

Reglugerð þessi er samín og samþykkt af hreppsnefnd Búlandshrepps og staðfestist hér með samkvæmt lögum nr 51/1974 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 26. október 1977.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á freðfiski fyrir framleiðslutímabilið 1. október til 31. desember 1977.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969. um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á freðfiski fyrir framleiðslutímabilið 1. október til 31. desember 1977:

Dorskur:

	Ísl. kr. á lb. Cif.
4×14 m/r interl	184.37
4×14 r/l og 8×7 r/l	221.47
10×5, 3×18 og 4×13	254.67
5×10	274.77